



LÁNAMÁL RÍKISINS

Kalkofnsvegi 1 150 Reykjavík
sími: 569 9600 bréfasími: 569 9604
netfang: lanamal@lanamal.is
veffang: <http://www.lanamal.is>

Til dagblaða, fréttastofa
og fjármálastofnana

Fréttatilkynning
30. desember 2013

Ársfjórðungsáætlun í lánamálum ríkissjóðs

Fyrsti ársfjórðungur 2014

- Á fyrsta ársfjórðungi verða boðin til sölu ríkisbréf í markflokkum fyrir 10-20 ma.kr. að nafnvirði.
- Stefnt er að útgáfu á nýjum flokki ríkisbréfa með gjalddaga árið 2020. Einnig verður gefið út í flokkunum RIKB 16 1013 og RIKB 31 0124.
- Eigendum RIKB 14 0314 verður mögulega boðið að skipta á bréfum fyrir aðra markflokka í skiptiútboðum.
- Útgáfa ríkisbréfa og ríkisvixla í almennum útboðum á árinu tekur mið af sölu í flokknum RIKS 33 0321 í tengslum við gjaldeyrisútboð Seðlabanka Íslands. Útgáfa ríkisbréfa á fyrsta ársfjórðungi verður þó að lágmarki 10 ma.kr.

Inngangur

Í ársáætlun frá Lánamálum ríkisins fyrir árið 2014 var tilkynnt að útgáfa ríkisbréfa yrði 50 ma.kr. að söluvirði á árinu. Á fyrsta ársfjórðungi er stefnt að því að selja ríkisbréf fyrir 10-20 ma.kr.

Fyrirhuguð útgáfa ríkisbréfa.

Á fyrsta ársfjórðungi er á gjalddaga RIKB 14 0314 að andvirði 25 ma.kr. sem upphaflega var gefinn út sem 2ja ára flokkur. RIKB 16 1013 tekur við af RIKB 15 0408 sem nýr 2ja ára flokkur strax á árinu 2014. Í ársfjórðungnum verður gefinn út nýr flokkur með gjalddaga árið 2020. Flokkurinn verður með sambærilega uppbyggingu og önnur markaðsskráð ríkisbréf. Nánari lýsing á gjalddögum, vaxtakjörum og öðrum skilmálum verður kynnt síðar en stefnt er að viðskiptavakt með flokkinn á eftirmarkaði. Flokkurinn verður á næstu árum byggður upp sem 5 ára markflokkur og síðar sem 2ja ára flokkur. Einnig verður áfram gefið út í flokknum RIKB 31 0124 sem fyrst var gefinn út árið 2011. Möguleiki er á því að eigendum RIKB 14 0314 verði boðið upp á skiptiútboð í ársfjórðungnum. Upplýsingar um skiptiútboð verða birtar í tengslum við einstök útboð ríkisbréfa.

Heildarútgáfa ríkisbréfa á fyrsta ársfjórðungi er áætluð á bilinu **10-20 ma.kr.** Áætluð hámarksútgáfa að nafnvirði í einstökum flokkum er birt í eftirfarandi töflu.



LÁNAMÁL RÍKISINS

Útgáfa ríkisbréfa að nafnverði á fyrsta ársfjórðungi 2014

Fjárhæðir í ma.kr.	Útgáfa
Skuldabréfaflokkar	Hámark
RIKB 16 1013	15
RIKB 20 – nýr flokkur	15
RIKB 31 0124	10

Fyrirhuguð útgáfa ríkisvixla

Ríkisvixlaútgáfa verður með svipuðu sniði og síðastliðin ár. Samkvæmt ársáætlun er stefnt að því að staða ríkisvixla verði um 30 ma.kr að nafnverði í árslok 2014 en staða þeirra er nú 22 ma.kr.

Áhrif aðgerða til losunar gjaldeyrishafta á útgáfu ríkissjóðs

Seðlabanki Íslands hefur tilkynnt að tvö gjaldeyrisútboð verði haldin í fyrsta ársfjórðungi 2014 þann 4. febrúar og 18. mars. Gjaldyrisútboðin eru tvískipt; annars vegar þar sem Seðlabanki Íslands kaupir evrur og hins vegar selur evrur.

Í útboðum þar sem Seðlabanki Íslands kaupir evrur er fjárfestum boðið að fara svokallaða fjárfestingarleið eða kaupa ríkisbréf sem verða bundin til 5 ára. Ríkisbréf sem fjárfestum stendur til boða í skiptum fyrir evrur er RIKS 33 0321. Útgáfa í flokknum í tengslum við gjaldeyrisútboðin mun hafa samsvarandi áhrif til lækkunar á sölu ríkisskuldabréfa í almennum útboðum á árinu.

Frekari upplýsingar um útgáfur einstakra flokka ríkisbréfa og ríkisvixla verða birtar nokkrum dögum fyrir hvert útboð.

Nánari upplýsingar veitir Björgvin Sighvatsson forstöðumaður Lánamála ríkisins í síma 569 9600.